

Fundur stjórnar Héraðsskjalasafns Kópavogs þriðjudaginn 25. mars 2014. Haldinn í Héraðsskjalasfni Kópavogs Digranesvegi 7 kl. 17:15.

Mættir Eiríkur Ólafsson formaður, Helgi Þór Jónasson, Pétur Hrafn Sigurðsson, Arna Schram listhússtjóri, Hrafn Sveinbjarnarson héraðsskjalavörður og fundarritari Gunnar Marel Hinriksson.

Dagskrá:

1. Safnanótt og Kópavogsdagur.
2. Frumvarp til laga um opinber skjalasöfn.
3. Eldri skjöl grunnskóla, söfnunarátak.
4. Smárit Sögufélagsins og Héraðsskjalasafnsins.
5. Örnefnarit Kópavogs.
6. Önnur mál.

1. Héraðsskjalavörður gerði grein fyrir gangi Safnanætur 7. febrúar sl. Um 250 manns mættu á safnið. 1. mars sl. hélt skjalasafnið í samstarfi við Sögufélag Kópavogs minningarathöfn vegna þess að þá voru 140 ár liðin frá slysinu er systkinin frá Hvammkoti drukknuðu í Kópavogslæknum og var afhjúpaður minnisvarði við það tilefni. Um 150 manns mættu. Á Kópavogsdögum í maí stendur til að fara í fræðslugöngu og halda myndasýningu ásamt fleiru.

2. Héraðsskjalavörður gerði grein fyrir málinu.

3. Áfram er unnið að málinu.

4. Næsta smárit mun fjalla um kosningar í Kópavogi frá upphafi til og með sveitarstjórnarkosningunum 2014.

5. Stjórn samþykkir áframhaldandi aðkomu safnsins að verkinu.

6. Önnur mál.

a) Starfsmannamál rædd.

Fleira ekki gert fundi slitið kl. 18:10.